



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 16:30 á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Katrín Baldursdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson.

Lilly Ásrún Birkisdóttir úr félagastjórn var gestur fundarins.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Starf félagastjórnar

Rætt var m.a. um fyrirkomulag úthringinga félagastjórnar og annarra aðila flokksins og upplýsingastreymi þar á milli.

3. Innheimta félagsgjalda, staða á eindaga. Útsending hvatningar til þeirra sem ekki hafa borgað og þakkir til hinna.

489 hafa greitt árgjaldið. Staðan er 2.411.811 kr. Rætt var um að senda út bréf.

4. Söfnun í kosningasjóð

Verið er að vinna að tæknilegum útfærslum.

5. Maístjarnan verður Rauða stjarnan?

Samþykkt var að nota nafnið Rauða stjarnan þar sem Maístjarnan er upptekið.

6. Fjölgun félaga, nýir félagar velkomnir

Átak þarf að gera í fjölgun félaga. Rætt var hvernig halda eigi utan um það.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.